

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Guðmundur Björnsson á að sæta 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiða allan af máli þessu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 11/1893:

Rjettvísín

gegn

Bjarna Sveini Stefánssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Dalasýslu, uppkveðnum 12. júlímán. f. á., er hinn ákærði Bjarni Sveinn Stefánsson í Stóru-tungu dæmdur til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 5 daga fyrir brot gegn 250. gr. sbr. 249. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og til að greiða allan málskostnað. Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Það er í máli þessu sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, að hann hafi haustið 1891 tekið lamb, sem þá var komið saman við Stóru- og Litlutungu-fjed í högunum í Stórutungu, markað það undir mark sitt og kastað eign sinni á það. Lamb-

ið var ómarkað, þegar ákærði tók það, eptir því sem hann hefur stöðugt borið, en eyrun mýjetin eða kalin að ofan, og kemur þetta nokkurn veginn heim við skýrslu tveggja manna, er sýslumaður ljét skoða lambið og mörkun ákærða á því, eptir að rannsóknin var byrjuð. Enginn maður hefur heldur leitt sig eiganda að lambinu. Þar sem lambið þannig virðist hafa verið í óskilum, ber að heimfæra brot hins ákærða, sem ekki hefur áður sætt refsingu fyrir neitt afbrot, undir 249. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið — en hann er fæddur 29. maí 1874, og var þannig ekki orðinn 18 ára, er hann tók lambið, — hæfilega metin samkvæmt nýnefndri lagagrein og 38. gr. hegningarlaganna 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af málinu í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómsbirting í hjerði hefur dregizt frá því 12. júlí f. á. til 29. okt. s. á., og er þessi dráttur eigi nægilega rjettlættur af hjerðsdómaranum, en samt sem áður þykir eigi ástæða til að láta dómarann sæta ábyrgð fyrir það; að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið viðunanlegur og fyrir yfirdóminum hefur málsfærslan verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Bjarni Sveinn Stefánsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga. Svo ber honum og að greiða allan kostnað máls þessa bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytn-

ingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson' og málaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför aðlögum.

Mánudaginn 10. júlímánaðar.

Nr. 14/1893:

Rjettvísni

gegn

Árna Á. Þorkelssyni, Pjetri
Pjeturssyni og Frímanni
Björnssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, 5. sept. f. á., hafa hinir ákærðu sóknarnefndarmenn í Holtastaðasókn í Húnavatnsprófastsdæmi, bændurnir Árni Á. Þorkelsson á Geitaskarði, Pjetur Pjetursson á Gunnsteinstöðum og Frímann Björnsson í Hvammi, í máli, er höfðað hafði verið gegn þeim eptir fyrirlagi landshöfðingjans samkvæmt 143. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, fyrir tráss og vanrækslu í stöðu sinni sem sóknarnefndarmenn, verið dæmdir í 20 kr. sekt hver til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af málinu gegn þeim leiddan og leiðandi kostnað. En dómi þessum er eptir ósk hinna ákærðu og af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Við vísitazíu að Holtastöðum 8. ágúst 1889 fyrir